

Stjórnarfundur Neytendasamtakanna 06/05/2025

1. fundur stjórnar 2025-2026

Staður: Guðrúnartún 1

Mætt:

Auður Alfa Ólafsdóttir, Benjamín Julian, Breki Karlsson, Flóki Guðmundsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Sigurður Másson, Salka Sól Styrmisdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Virpi Jokinen og Þórarinn Stefánsson

Fjarverandi:

Guðmundur Gunnarsson og Pálmey Helga Gísladóttir

Gestir:

Brynhildur Pétursdóttir

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Fundaform og tíðni
3. Kjör varaformanns, gjaldkera og ritara
4. Starfs- og siðareglur stjórnar
5. Starfsemi samtakanna frá síðasta fundi
6. Staða fjármála
7. Næsti stjórnarfundur
8. Önnur mál
9. Fundargerð lesin upp til samþykktar
10. Fundarslit

1. Setning fundar

- Formaður setti fund klukkan 17:18.
- Breki Karlsson var kosinn fundarstjóri.
- Sigurður Másson var kosinn fundarritari.

2. Fundaform og tíðni

- Formaður lagði fram tillögu um að stjórnin fundi mánaðarlega á staðar- og netfundum að jafnaði annan miðvikudag í mánuði.

Stjórn samþykkti einróma eftirfarandi fundadaga fram að áramótum:

- 04.06.2025 kl 16:00
- 03.09.2025 kl 17:15
- 08.10.2025 kl 17:15
- 12.11.2025 kl 17:15
- 05.12.2025 kl 12:00
- 14.01.2026 kl 17:15

3. Kjör varaformanns, gjaldkera og ritara

- Eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir einróma:
 - Varaformaður: Auður Alfa Ólafsdóttir
 - Gjaldkeri: Þórarinn Stefánsson
 - Ritari: Sigurður Másson

4. Starfs- og siðareglur stjórnar

- Stuttar umræður voru um starfs- og siðareglur stjórnar.
- **Eftir umræður voru starfs- og siðareglur stjórnar samþykktar einróma án breytinga.**

5. Starfsemi samtakanna frá síðasta fundi

- Formaður lagði fram stutt yfirlit yfir helstu þætti í starfseminni frá síðasta fundi, og farið var í umræður í kjölfarið.

6. Staða fjármála

- Framkvæmdarstjóri lagði fram fjárhagsyfirlit. Reksturinn er í góðu jafnvægi, bæði tekjur og gjöld eru nokkurn veginn á áætlun.
- Heimtur árgjalda sem af er þessu ári er mjög svipuð og á sama tíma fyrir ári.

7. Næsti stjórnarfundur

- Næsti stjórnarfundur er miðvikudagurinn 04. júní kl. 16:00.

8. Önnur mál

- Tillaga kom fram um að endurvekja nefndir á vegum stjórnar.
- Ákveðið var að taka málið fyrir á næsta fundi og ákveða þá hvaða nefndir þarf að virkja og skipa í.

9. Fundargerð lesin upp til samþykktar

- **Fundargerðin var lesin upp og samþykkt samhljóða.**

10. Fundarslit

- Formaður sleit fundi klukkan 18:00.